



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/451
komudagur 10.12.2001

10. desember 2001.

Umsögn samgöngunefndar

Samgöngunefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 8. desember, fjallað um 11. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál, og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu.


Í 11. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 71. gr. b. laga um loftferðir. Lögð er til hækkun á sérstöku gjaldi til að standa straum af kostnaði við vopnaleit á flugvöllum. Lagt er til að gjald fyrir 12 ára og yngri hækki úr 65 kr. í 150 kr. og gjald fyrir hvern farþega 12 ára og eldri hækki úr 125 kr. í 300 kr. Orsaka þessara breytinga má rekja til hækkunar á kostnaði vegna vopnaleitar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl.

Meiri hluti nefndarinnar, en hann skipa Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir, leggur til að 11. gr. frumvarpsins verði **samþykkt** óbreytt.

Minni hluti nefndarinnar, Lúðvík Bergvinsson, Kristján Möller og Jón Bjarnason, gerir nokkrar athugasemdir við fyrirhugaða breytingu. Í fyrsta lagi liggur ekki fyrir sundurliðun á þeim kostnaði sem þessari hækkun gjalda er ætlað að mæta og telur minni hlutinn ófært að taka afstöðu til hennar undir þeim kringumstæðum. Í öðru lagi er ljóst að þessi breyting mun hafa í för með sér hækkun á flugfargjöldum í millilandaflugi, sem er ekki til þess fallið að bæta stöðu aðila í ferðaþjónustu og flugfélaganna, sem er bág um þessar mundir. Í þriðja lagi telur minni hlutinn að þetta sé enn eitt dæmið um auknar álögur á flugsamgöngur innan lands sem utan. Með hliðsjón af framangreindu getur minni hlutinn ekki mælt með þessari breytingu.

Virðingarfyllst,

f. h. formanns samgöngunefndar,


Ágúst Geir Agústsson